

## Starfskjarastefna Stefnis hf.

### I. Almenn

Í samræmi við 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög ber stjórn Stefnis að samþykka starfskjarastefnu varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna, svo og stjórnarmanna þess.

### II. Starfskjaranefnd stjórnar

Stjórn skal skipa starfskjaranefnd, sem í skulu vera 2-3 menn. Um störf nefndarinnar fer samkvæmt starfsreglum hennar.

### III. Launastefna

Meginsjónarmið varðandi laun æðstu stjórnenda eru að samræma hagsmuni stjórnenda við starfsemi sem eykur verðmæti Stefnis til lengri tíma. Viðvarandi vöxtur og sterk staða Stefnis helst í hendur við möguleika félagsins til að halda í núverandi lykilstarfsmenn og laða að nýja starfsmenn. Jafnframt sé haft að leiðarljósi að starfskjör stuðli ekki að óeðlilegri áhættutöku heldur hvetji til þess að langtímahagsmuna Stefnis, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila sé gætt.

Stefnir leitast við að samræma áherslur varðandi starfskjör, hlunnindi og fyrirtækjabrag við stefnu og áherslu Arion banka innan þess sem lög og reglur heimila og að því marki sem samræmist tilgangi félagsins, hagsmunum viðskiptavina þess og góðum stjórnarháttum.

Helstu áhersluatriði starfskjarastefnu Stefnis eru:

- Lykilstarfsmenn eru meginstoð í áframhaldandi vexti og viðgangi félagsins.
- Kjör lykilstarfsmanna verða að vera aðlaðandi og samkeppnishæf.

### IV. Laun til stjórnarmanna

Stjórnarmenn fá greidda sérstaka þóknun fyrir stjórnarstörf sem ákveðin er á hluthafafundi ár hvert.

### V. Uppbygging launa

Starfskjör framkvæmdastjóra skuli ákveðin með skriflegum ráðningarsamningi þar sem kveðið er á um föst laun, lífeyrisréttindi, orlof og aðrar starfstengdar greiðslur. Stjórn Stefnis tekur ákvörðun um starfskjör framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri tekur ákvörðun um laun lykilstarfsmanna í samræmi við viðmið stjórnar, að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar viðkomandi. Starfskjör lykilstarfsmanna skulu tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi.

### VI. Kaupaukakerfi

Stjórn Stefnis metur það svo að kaupauki sé heppilegur til að ná fram meginsjónarmiðum launastefnu samkvæmt starfskjarastefnu þessari og hefur í samræmi við það stofnað til kaupaukakerfis í starfsemi félagsins. Um framkvæmd þess fer samkvæmt lögum og reglum. Á aðalfundi skal hluthöfum gerð grein fyrir meginatriðum kaupaukakerfis með skýrum hætti. Verði meiriháttar breytingar gerðar á kaupaukakerfinu skal leita samþykkis hluthafa á þeim breytingum.

### VII. Eftirlaunagreiðslur eða aðrar greiðslur vegna starfsloka

Almennt séð gilda aðeins ákvæði ráðningarsamnings um eftirlaunagreiðslur eða greiðslur vegna starfsloka. Í undantekningartilvikum er þó heimilt að gera starfslokasamninga við framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki.

### VIII. Endurskoðun og upplýsingagjöf

Starfskjarastefnan skal endurskoðuð árlega og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar. Stjórn Stefnis skal gera grein fyrir kjörum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna á aðalfundum eins og nánar er kveðið á um í 79. gr. a. hlutafélagalaga, sbr. og lög um fjármálafyrirtæki. Starfskjarastefnuna má þó endurskoða oftár, svo sem vegna lagabreytinga, og skulu þær breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund.

Að öðru leyti fer um starfskjarastefnu þessa samkvæmt lögum.

Stjórn Stefnis hf.

14. mars 2018